

Dreifibréf um sundkennslu í grunnskólum

Mennta- og menningarmálaráðuneytið vekur athygli skólustjóra, skólaskrifstofa, sveitarfélaga og hagsmunaaðila á eftirfarandi um sundkennslu í grunnskólum:

1. Skv. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, nr. 814/2010, sett af umhverfis- og auðlindaráðuneyti, fer um sundkennslu í grunnskólum samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Um öryggismál á sund- og baðstöðum að öðru leyti er fjallað um í sömu reglugerð. Reglugerðin tekur til allra þeirra sem njóta eða bjóða þá þjónustu sem fram fer á sund- og baðstöðum, sbr. 1. gr. reglugerðarinnar. Um öryggi á sundstöðum er fjallað sérstaklega í V. kafla reglugerðarinnar samkvæmt 1. mgr. 11. gr. Þar segir m.a. að allir starfsmenn skulu upplýstir um öryggisreglur, viðbragðsáætlun og neyðaráætlun sem eiga að vera til staðar á öllum sund- og baðstöðum. Starfsmenn, sundkennarar og sundþjálfarar skulu þjálfaðir í notkun viðurkennds skyndihjálparbúnaðar ásamt viðbrögðum við neyðartilvikum, a.m.k. einu sinni á ári.

2. Skv. 15. gr. reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum skulu allir þeir sem starfa á sund- og baðstöðum fá þjálfun í sérhæfðri skyndihjálpmenntun sem sérstaklega er ætluð sund- og baðstöðum eigi sjaldnar en árlega. Þá skulu starfsmenn sem sinna laugargæslu, sundkennarar, sundþjálfarar og leiðbeinendur standast hæfnispróf skv. III. viðauka reglugerðarinnar. Um tíðni hæfnisprófs fer skv. töflum hér fyrir neðan:

Hæfnispróf starfsmanna sem sinna laugargæslu, sundkennara, sundþjálfara og leiðbeinenda.	
	Tíðni hæfnisprófs ¹⁾
Starfsmenn sem sinna laugargæslu	Einu sinni á ári
Sundkennarar (ekki með háskólapróf), sundþjálfara og leiðbeinendur	Á tveggja ára fresti
Sundkennarar, sem lokið hafa íþróttfræðinámi á háskólastigi eða jafngildu eldra prófi og hafa leyfisbréf til kennslu, skv. lögum nr. 87/2008 eftir 15. febrúar 2014.	Á þriggja ára fresti
Sundkennarar, sem lokið hafa íþróttfræðinámi á háskólastigi eða jafngildu eldra prófi og hafa leyfisbréf til kennslu, skv. lögum nr. 87/2008 fyrir 15. febrúar 2014.	Bóklegt endurmenntunarnámskeið, einu sinni á ári þar sem námsefnið er skv. III. viðauka ²⁾

¹⁾Sbr. ákvæði reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, með síðari breytingum.

²⁾Sjá nánar *Hæfnispróf – prófatriði* hér fyrir neðan.

1. Polsund, 600 m á innan við 21 mínútu (frjáls aðferð).
2. Hraðsund, 25 m á 30 sek.
3. Kafsund, 15 m.
4. Björgunarsund í síðbuxum og síðerma peysu, 25 m með jafningja.
5. Björgun á óvirkum jafningja með björgunarsveig eða öðrum flotáhöldum, úr miðri laug að hliðarbakka, lyfta viðkomandi upp á bakka með aðstoð eins laugarvarðar.
6. Sækja 3 hluti í dýpsta hluta laugar (á allt að 3,5 m dýpi). Synda 5 m á yfirborði, kafa niður eftir hlut, hlutum skilað á bakka, hvíld milli kafana 10 sekúndur.
7. Hoppa eða stinga sér út í laug, synda 25 m, kafa eftir björgunarbrúðu í dýpsta hluta laugar, færa björgunarbrúðu upp á yfirborðið og synda 25 m til baka, lyfta björgunarbrúðu upp á bakka með aðstoð eins laugarvarðar.
8. Starfsmenn sem sinna laugargæslu skulu ljúka árlegu námskeiði í skyndihjálpi og björgun fyrir sund- og baðstaði og standast alla verklega þætti þess námskeiðs. Sundkennarar, sundþjálfarar og leiðbeinendur skulu ljúka þessu námskeiði á tveggja ára fresti. ²⁾
9. Fara yfir öryggisatriði og útbúnað (öryggis- og sjúkrabúnað) á viðkomandi sund- og baðstað.

¹⁾Standist viðkomandi ekki einstaka þætti hæfnisprófsins skal hann endurtaka þá hluta innan mánaðar hjá sama leiðbeinanda.

²⁾Tíðni sbr. ákvæði reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, með breytingum í reglugerðum nr. [773/2012](#) og [205/2014](#). Sjá einnig töflu fyrir ofan, *Hæfnispróf starfsmanna sem sinna laugargæslu, sundkennara, sundþjálfara og leiðbeinenda*.

Leiðbeinendur með gild réttindi til að leiðbeina í skyndihjálpi og björgun skulu annast hæfnispróf skv. III. viðauka. [Listi](#) yfir leiðbeinendur með gild réttindi er að finna á vefsíðu Umhverfisstofnunar, [ust.is](#). Listi yfir þá sem staðist hafa hæfnispróf eða viðurkenningarskjal þar um skal vera aðgengilegur starfsmönnum heilbrigðiseftirlits við eftirlit á sund- og baðstað.

3. Í [aðalnámskrá grunnskóla](#) (2011 og 2013) segir, að í samræmi við reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum skuli skipulag sundkennslunnar miðast við að **15 nemendur** séu að jafnaði í hverjum sundtíma. Til að tryggja öryggi nemenda í kennslustundum og tryggja að markmiðum kennslunnar verði náð skulu nemendur ekki vera fleiri en 15 þegar þeir eru 10 ára og yngri eða ósyndir. Í skipulagi sundkennslu þarf einnig að taka tillit til þeirrar aðstöðu sem er fyrir hendi, s.s. stærðar laugar og búningaástöðu.

Ef nemendur eru fleiri en 15 í sundtíma þá gerir mennta- og menningarmálaráðuneytið þá kröfu að kennari hafi með sér aðstoðarmann í sundtímanum. Viðkomandi aðstoðarmaður verður að hafa tekið hæfnispróf sundstaða eins og reglugerð nr. 814/2010 gerir kröfur um.

4. Í reglugerðinni er jafnframt fjallað um öryggi í skólasundi. Samkvæmt reglugerðinni skal íþróttakennari í samvinnu við starfsmenn sundstaða fara árlega, eða við upphaf hvers sundnámskeiðs, yfir helstu reglur sem gilda á sundstöðum og yfirfara vinnutilhögun í tengslum við sundkennslu þannig að fyllsta öryggis nemenda sé gætt. Íþróttakennari skal einnig gera nemendum grein fyrir þeim hættum sem geta fylgt sundiðkun.

5. Í breytingu á reglugerð nr. 814/2010 sem gerð var á árinu 2012, nr. [773/2012](#) kemur m.a. fram: „Þar sem hópar barna undir 10 ára aldri eru saman komnir skulu ekki fleiri en 15 börn vera í umsjá hvers kennara eða ábyrgðarmanns hóps sem, ásamt laugarverði, er ábyrgur fyrir hópnum. Miða skal við að þeir sem starfa með eða hafa umsjón með börnum og ungmönnum í æskulýðsstarfi séu lögráða og hafi þjálfun, menntun, þekkingu eða reynslu til starfsins, sbr. 1. mgr. 10. gr. æskulýðslaga nr. [70/2007](#). Til að auðvelda kennara eða ábyrgðarmanni hópa að fylgjast með hverju barni skulu hópar barna sérstaklega auðkenndir með áberandi lit á sundhettum, armböndum, vestum eða á annan sambærilegan hátt. Fyllsta

öryggis skal gætt þegar komið er með hóp af börnum og unglingum í sund. Kennarar og ábyrgðarmenn hópa skulu kynna sér reglur sund- og baðstaða og aðstoða starfsfólk sund- og baðstaða við gæslu.

Sundkennarar, sundþjálfarar og leiðbeinendur skulu ávallt gæta þess í samvinnu við starfsfólk sund- og baðstaða að nemendur fari ekki að laug á undan þeim. Sundkennarar, sundþjálfarar og leiðbeinendur skulu aldrei víkja frá laug fyrr en allir nemendur/iðkendur yngri en 15 ára eru farnir inn í búnings- eða baðklefa. Þau varúðaratriði sem hvíla á laugarverði hvíla einnig á kennara, þjálfara og leiðbeinanda varðandi nemendur og iðkendur.“

6. Skv. aðalnámskrá grunnskóla frá 2013 í skólaípróttum (bls. 181-193) er í skólasundi miðað við að nemendur fái a.m.k. 40 mínútur á stundaskrá skóla í hverri viku skólaársins. Þar sem slíku skipulagi verður ekki við komið skal kenna skólasund á árlegum námskeiðum. Á slíkum námskeiðum skal hver nemandi fá að lágmarki 800 mínútur í kennslu. Sá tími, sem eftir stendur, skal nýta til skólaípróttá (miðað er við 40 mín. kennslustundir).

Skv. viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár grunnskóla, er gert ráð fyrir að heildartími skólaípróttá í 1.- 4. bekk sé 480 mínútur í viku hverri, 5.-7. bekk sé 360 mínútur og 8.-10. bekk 360 mínútur (að meðaltali 120 mínútur í hverri viku skólaársins frá 1. - 10. bekkjar).

Ráðuneytið væntir þess að allir skólastjórnendur og þeir kennarar sem annast sundkennslu, kynni sér vel ákvæði í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá um skólaípróttir, sjái til þess að nemendur fái lögbundna kennslu og að fyllsta öryggis sé gætt.